

Skólaráð Nesskóla, 9. fundur 10. október 2011 kl. 14:30.

Mætt: Marías Ben. Kristjánsson, Jón Guðmundsson, Perla Kolka Leifsdóttir, Anna Margrét Sigurðardóttir, Lilja Guðný Jóhannesdóttir og Auður Þorgeirsdóttir.

1. Námskrár og kennsluáætlanir. Skólastjóri kynnir námskrá skólans og kennsluáætlanir og hvetur skólaráðið til þess að skoða hvort tveggja á heimasíðu skólans, www.nesskoli.is Umræður um hvort kennsluáætlanir á heimasíðu séu skoðaðar af foreldrum. Skólastjóri sendir foreldrum póst til að minna á að þessi gögn eru komin á síðuna.
2. Bréf Umboðsmanns barna frá 18.8. sl. Skólaráðið veltir því upp hvernig sé best að kynna nemendum skólaráðið. Sú hugmynd kemur upp að kynna bréf Umboðsmanns barna fyrir nemendum, og senda foreldrum slóð á kynninguna í tölvupósti. Sú tillaga kemur upp í tengslum við umræður um þátttöku nemenda í skólaráðinu að hafa tvo fulltrúa úr 6. – 10. bekk í stjórn nemendafélagsins, einn strákur og eina stelpu í stað eins fulltrúa áður.
3. Kynning á skólaráðinu og hlutverki bekkjarfulltrúa í stjórn nemendafélags Nesskóla. Skoða þarf tillögur þær eru komu fram á síðasta ári á fundi skólaráðs með 6. – 10. bekk og sjá hvað hefur verið framkvæmt af þeim.
4. Starfsreglur og starfsáætlun skólaráðs. Lagt fram til kynningar. Umræða um að setja febrúar og mars fundina saman, þar sem dagskrá þeirra á starfsáætlun er nánast sú sama. Skólastjóri fer yfir starfsáætlun og starfsreglur, og breytir í samræmi við umræður fundarins. Í framhaldinu fær skólaráðið gögnin sent í tölvupósti til skoðunar.
5. Önnur mál.
 - a. Skemmdarverk. Nokkuð hefur verið um skemmdarverk á unglíngagangi í upphafi skólaárs. Kom upp sú umræða að fá krakkana í lið með sér og sýna þeim fram á skaðann.
 - b. Bíókvöld í umsjón foreldra. Hugmynd um að halda bíókvöld í sal skólans, t.d. einu sinni á hvorri önn.

Fundi slitið kl. 16:00,

Auður Þorgeirsdóttir